

Föstudaginn 13. janúar 1995 kl. 09:30

44. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 2/1995

Auglýsingar Nýherja um afborgunarkjör

Þann 21. desember 1993 barst kvörtun frá Neytendasamtökunum vegna auglýsinga Nýherja um afborgunarkjör á tölvum. Kvartað er yfir villandi upplýsingum um afborgunarverð. Með bréfi dags. 23. desember sama ár var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri. Athugasemdir Nýherja bárust með bréfi dags. 30. desember 1993. Þann 12. janúar 1994 var fyrirtækinu sent bréf þess efnis að það breytti auglýsingum sínum þannig að fullnægjandi upplýsingar kæmu fram um heildarafborgunarverð. Í Mbl. þann 27. janúar og 24. mars 1994 héldu auglýsingar áfram að birtast frá fyrirtækinu með sama hætti. Þann 29. mars 1994 var málið á dagskrá auglýsinganefndar og samþykkti hún að Samkeppnisstofnun sendi fyrirtækinu ítrekun um að hætta að auglýsa með þessum hætti og gefnar yrðu fullnægjandi verðupplýsingar framvegis. Í auglýsingum komi skýrt fram heildarafborgunarverð annars vegar og hins vegar staðgreiðsluverð. Stofnunin ætti einnig að benda á að ekki standist að kalla afborgunarsamning staðgreiðslusamning. Ef ekki verði farið að tilmælum stofnunarinnar verði málið sent Samkeppnisráði til afgreiðslu. Þann 8. apríl sendi Samkeppnisstofnun Nýherja bréf þessa efnis. Eftir móttöku þessa bréfs óskaði Nýherji eftir fundi til að koma á framfæri athugasemdum. Var sá fundur haldinn 13. apríl 1994. Þar kom fram að forsvarsmenn fyrirtækisins vildu helst ekki gefa upplýsingar í auglýsingum um heildarafborgunarverð, frekar sleppa staðgreiðsluverði. Einnig kom fram að þeir gætu ekki breytt orðalagi um staðgreiðslusamning því Glitnir markaðssetti og auglýsti sína samninga þannig. Óbreytt auglýsing frá fyrirtækinu birtist þann 19. apríl 1994. Málið var aftur á dagskrá í auglýsinganefnd þann 31. maí 1994 þar sem ákveðið var að senda fyrirtækinu bréf þess efnis að framvegis yrði þess krafist að fyrirtækið gæfi upplýsingar í auglýsingum um heildarafborgunarverð þegar upplýsingar væru gefnar um afborgunarverð og það borið saman við staðgreiðsluverð. Samkeppnisstofnun sendi bréfið þann 8. júní 1994. Engar

athugasemdir bárust frá fyrirtækinu en í byrjun desember 1994 hófst auglýsingaherferð hjá fyrirtækinu.

Á fundi auglýsinganefndar þann 8. desember 1994 var eftirfarandi samþykkt:

"Í auglýsingum Nýherja sem hafa birst 29. nóvember, 3., desember og 6. desember s.l. koma ekki fram upplýsingar um heildarupphæð sem greiða skal þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og kostnaðar heldur kemur einungis fram afborgunargreiðsla á mánuði og staðgreiðsluverð. Auglýsingarnar hafa að geyma villandi og ófullnægjandi upplýsingar sem brjóta í bága við 21. gr. samkeppnislaga.

Auglýsinganefnd leggur því til að Samkeppnisráð banni auglýsingar frá Nýherja þegar ekki koma fram upplýsingar um heildarupphæð þá sem greiða skal þegar upplýsingar koma fram um afborgunargreiðslur á mánuði.

Bannið verði byggt á 51. gr. samkeppnislaga."

Ákvörðunarorð:

"Í auglýsingum Nýherja sem hafa birst 29. nóvember, 3., og 6. desember 1994, koma ekki fram upplýsingar um heildarupphæð sem greiða skal þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og kostnaðar heldur kemur einungis fram afborgunargreiðsla á mánuði og staðgreiðsluverð. Auglýsingarnar hafa að geyma villandi og ófullnægjandi upplýsingar sem brjóta í bága við 21. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð bannar samkvæmt heimild í 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 auglýsingar frá Nýherja þegar ekki koma fram upplýsingar um heildarupphæð þá sem greiða skal ef upplýsingar koma fram um afborgunargreiðslur á mánuði."